

**Góð skólasókn
stuðlar að velliðan
barns í skóla og
styður við jákvæða
sjálfsmynd
nemandans**



SUÐURNESJABÆR



**Viðbrögð við
ófullnægjandi
skólasókn**

**Gerðaskóli
Sandgerðisskóli
Stóru - Vogaskóli**

Hvað getum við gert heima?

- Fjölskyldusamvera
- Góð samskipti
- Morgunvenjur
- Kvöldvenjur
- Góður svefn
- Góð næring
- Skjátími - virða reglur
- Sinna heimanámi/lestri
- Skipulag
- Vera í góðu sambandi við skólann
- Frístundir/tómstundir/áhugamál
- Sjónrænt skipulag
- Hvatningarkerfi

Hvað er skólaforðun?

Skólaforðun er meðvituð eða ómeðvituð hegðun sem barn eða unglingur sýnir þegar mæta á í skólann. Hegðunin birtist í erfiðleikum með að sækja skóla hvort sem um er að ræða heilan skóladag eða hluta úr degi í lengri eða skemmri tíma.

Helstu ástæður skólasóknarvanda geta verið tilfinningalegir erfiðleikar, að forðast félagslegar aðstæður, aðskilnaðarkvíði eða barnið vill umbun sem það fær heima.

Í grunnskólum sveitafélagsins er sett fram verklag um skólasókn til að styðja við farsæla skólagöngu nemenda. Stuðst er við þrepin hér til hliðar til að styrkja nemandann, umhverfi hans og sporna þannig gegn þróun frekari vanda.



Prepin 4

Viðbrögð við ófullnægjandi skólasókn

Fjarvera í 5 til 9 daga

Samtal við nemanda og símtal við forsjáraðila. Markmiðið er að finna ástæðu fjarvista og hvort þær eigi sér eðlilegar skýringar eða grunur sé um skólaforðunarvanda.

Fjarvera í 10 til 15 daga

Boðað til fundar í skóla og teymi myndað í kringum nemandann. Tengiliður farsældar virkjaður.

Fjarvera í 16 til 29 daga

Máli vísað í Nemendaverndarráð. Farsældar-og skólaforðunarteymi tekur við málinu.

Fjarvera í 30+ daga

Sé málið komið á þennan stað er tilkynning send til barnaverndar en teymið heldur áfram að vinna með barninu.

Mæting er mikilvæg